

Aðalfundur Foreldrafélags Laugalandsskóla, haldinn 4.október 2023 kl.20.00.

Mætt úr stjórn: Jóhanna Hlöðversdóttir, Guðni R.K. Vilhjálmsson, Lára Ólafsdóttir, Alexandra Lind Elínardóttir, Sigríður Arndís Þórðardóttir. Aðrir fundargestir: Yngvi Karl Jónsson, Kristín Ósk, Engilbert Olgeirsson, Glódís M. Guðmundsd, Bæring Jón Br. Guðmundsson, Ragna Magnúsdóttir, Nanna Jónsdóttir

Jóhanna formaður setur fundinn og býður fólk velkomið. Jóhanna skipar Sigríði A. fundarstjóra og -ritara.

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp. Athugasemd gerð við dagsetningu/ártal og að hægt hefði verið að útskýra betur hvað var rætt, en einungis stikkorð má finna í fundargerðinni. Fundargerð samþykkt með athugasemdum.
2. Skýrsla stjórnar.
Jóhanna fer yfir verkefni ársins. Öskudagsskemmtun var með hefðbundnu sniði. Haldið var páskabingó sem var styrktarbingó, allur ágóði rann til fjölskyldunnar á Syðri-Hömrum 3. Haldið var upp á sumardaginn fyrsta. Stjórn fundaði með stjórnendum skólans í september þar sem rætt var eitthvað af þeim punktum sem fram komu á síðasta aðalfundi. Nánar rætt í liðnum „önnur mál“. Næsta verkefni verður jólabingó.
3. Reikningar. Ársreikningur fyrir 2022 var lagður fyrir á síðasta aðalfundi sem var haldinn óvenju seint, eða í janúar 2023. Gjaldkeri fór yfir stöðuna eins og hún er í dag en með fyrirvara um að árið er enn ekki liðið. Rætt um að staðan sé góð og hægt að láta skólann njóta góðs af með einhverjum hætti. Til kynningar.
4. Kosningar. Kjósa á um tvo aðalmenn í stjórn. Nýjar inn í stjórn í fyrra komu Lára, Sigga og Alexandra, kosnar til tveggja ára. Ritari mælist til þess að hugað sé að jöfnum kynjahlutföllum í stjórn. Jóhanna gefur kost á sér í stjórn áfram, samþykkt með lófaklappi. Til tveggja ára. Guðni gefur kost á sér í stjórn áfram, samþykkt með lófaklappi. Til tveggja ára. Á næsta aðalfundi skal kjósa um 3 stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga, til tveggja ára

Kosning formanns: Á aðalfundi skal kjósa formann foreldrafélagsins. Jóhanna stingur upp á því að það verði kosinn nýr formaður. Tilnefni Sigríði Arndís Þórðardóttur sem formann. Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

- Aðrar kosningar:
- Skólaráð: Fulltrúi stjórnar: tilnefnd Sigríður Arndís Þórðardóttir, samþykkt með lófaklappi. Til eins árs. Kjósa þarf nýjan fulltrúa til eins árs á næsta aðalfundi þar sem Sigríður mun þá ekki eiga barn í skólanum.
- Áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd: Jóhanna Hlöðversdóttir tilnefnd, samþykkt með lófaklappi. Til tveggja ára.

5. Önnur mál:
 - Stjórn fundaði með skólastjórnendum í september. Þar var meðal annars farið yfir punkta sem komu fram á síðasta aðalfundi. Rætt var um ástand húsnæðis, öryggismál, leiktæki og umgengni og ásýnd staðarins utanhúss sem þykir ábótavant. Sömuleiðis var rætt um biðtíma barna sem fara á æfingar, hvar þau mega bíða og hvernig því skuli háttað. Einnig var rætt um hvernig félagið getur stutt við skólann og rætt um aðgengi foreldrafélagsins að húsnæði skólans á viðburðum. Umræðan tekin upp núna á aðalfundi. Rætt var um fleira í nánasta umhverfi sem er ábótavant, svo sem trjárækt og grisjun. Bleyta við fótboltavöllinn. Það vantar alla umhyggju í að hugsa um staðinn og það skortir heildarsýn frá sveitarfélögunum

um hvernig eigi að vinna að framgangi skólans bæði innan og utandyra og hvað varðar tækjakost, s.s. tölvur. Miklar og góðar umræður sköpuðust um þessi mál.

Bókun: Aðalfundur Foreldrafélags Laugalandsskóla skorar á sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps að huga betur að uppbyggingu og viðhaldi á húsnæði, aðbúnaði og umhverfi Laugalandsskóla og gera úrbætur. Foreldrafélagið gerir alvarlegar athugasemdir við ástand leiktækja á skólalóð og almenna umhirðu á nærumhverfi skólans (sláttur, grisjun trjáa, gluggar, illgresi, sundlaug, útisvæði o.fl.). Foreldrafélagið, kvenfélögin, íþróttafélögin og nærsamfélag skólans hefur á undanförunum árum staðið að mikilli uppbyggingu, til dæmis á sparkvelli, körfuboltavelli, útisvæði við skólann og frísbíggvelli, í sjálfboðavinnu og með fjárframlögum. Engin viðleitni hefur verið af hálfu sveitarfélaganna að halda þessu við á nokkurn hátt og margir hlutir orðnir í niðurníðslu. Kallað er eftir heildar- og framtíðarsýn sveitarfélaganna á því hvernig eigi að vinna að framgangi skólans bæði innan- og utandyra.

- Engilbert nefnir ánægju með styrktarbingið og í framhaldinu skapast umræður um hvað foreldrafélagið getur gert fyrir þá peninga sem safnast á slíkum viðburðum. Gott væri að það kæmi skýrt fram hvað foreldrafélagið gerir við það sem safnast þannig að fólk viti hvað það er að styrkja. Ýmsar hugmyndir ræddar. Rætt um að skólinn komi með hugmyndir að því sem vantar. Bæring kemur með hugmynd um að stjórn foreldrafélagsins fundi með nemendaráði og fulltrúum skólans þar sem farið verður yfir þær hugmyndir sem hafa komið fram í vinnu skólans um þessi mál.
- Rætt um viðhorf gagnvart foreldrafélaginu þegar viðburðir hafa verið haldnir á árinu í húsnæði skólans. Því hefur verið ábótavant á árinu.
- Kósíhorn – sófi. Rætt um að biðtími hefur breyst eftir æfingar þar sem núna klárar 1.-4. bekkur sínar æfingar á skólatíma. Skoða þarf staðsetningu ef farið verður í slíka hluti.
- Rætt um mikilvægi þess að starfsfólk/húsvörður sé í húsinu þegar æfingar og önnur starfsemi er þar.
- Rætt um upplýsingaflæði frá skólanum til foreldrasamfélagsins. Útgáfu Stafsins var hætt og margir sakna þess að fá hann inn á heimilin. Hvatt til þess að huga að því að endurvekja útgáfu hans.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.21.45.